



## Minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands

### Straumendur við Tungufljót og Brúará 2020

Haustið 2016 óskaði HS Orka eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands rannsakaði frekar straumandavarp á og í grennd við framkvæmdarsvæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar við Tungufljót, sbr. álit Skipulagsstofnunar (Minnisblað Náttúrufræðistofnunar, Íslands Um straumendur við Tungufljót, 25. ágúst 2017). Árið 2017 voru farnar tvær könnunarferðir til að kanna útbreiðslu og varp straumanda við Tungufljót. Í júní 2018 var samþykkt vöktunaráætlun næstu fimm árin um vöktun straumanda við Tungufljót auk samanburðartalninga á sambærilegri á, Brúará í Biskupstungum.




Sumarið 2020 voru farnir tvær talningarferðir með sama sniði og árin 2018 og 2019. Tveir menn gengu meðfram austurbakka Tungufljóts, frá nyrstu upptakavíslum að brú við þjóðveg, um 17 km alls. Þriðji talningarmaðurinn gekk meðfram vesturbakka Brúarár frá Brúarárskörðum að brú við þjóðveg og þaðan meðfram austurbakka í átt að Fullsæll, um 14 km alls. Allir fuglar sem vart varð við voru skráðir, en sérstaklega var leitað eftir straumöndum.

**Könnun 4.6.2020:** Alls fundust 18 straumendur (8 pör og 2 steggir) á 5 stöðum við efri hluta Tungufljóts (ofan og við vaðið við Krosshóla) og á 3 stöðum við syðri hlutann: tvö pör og einn steggur fyrir ofan stíflustæðið og tvö pör á framkvæmdarsvæðinu (syðsti rauði punkturinn, 4. mynd Tungufljót).

Á Brúará fundust 13 straumendur (6 pör og 1 steggur) á 6 stöðum á um það bil 13 km löngum kafla rétt norðan við Kálfakinn (nyrsti staður þar sem straumendur hafa fundist í öllum talningum) og niður fyrir brú við þjóðveg (7. mynd Brúará; 1. tafla). Mesti þéttleiki var þó á stuttum kafla frá Kálfá Fremri að Innra-Selgili en þar voru 9 af 13 fuglum.

**Könnun 12.8. 2020:** Í seinni ferðinni við Tungufljót fannst engin straumönd á efri hluta árinna og 6 fleygar kollur á syðri hlutanum, rétt fyrir ofan stíflustæðið á sama stað og 6 kollur fundust 2018 og tvær kollur með með 6 unga og 3 unga 2019 á þeim tíma (guli punkturinn, 4. mynd Tungufljót).

Á Brúará fundust í seinni ferðinni 7 kvenfuglar á þremur stöðum miðsvæðis á um það bil 4 km löngum kafla (7. mynd Brúará; 1. tafla).





### Skýringarmyndir Tungufljót 2017 - 2020

**1. mynd (2017 efst til vinstri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Punktalínurnar voru bara gegnar í fyrri ferð, þ.e. meðfram vestari upptakakvísl Tungufljóts og meðfram Stóru-Grjótá. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 31.5.2017. Guli punkturinn er þar sem fimm straumandakollurnar sáust 2.8.2017 og blái punkturinn er þar sem straumandasteggur sást í talningu 18.6.2015.

**2. mynd (2018 efst til hægri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 5.6.2018. Guli punkturinn er þar sem átta straumandakollurnar sáust 16.8.2018.

**3. mynd (2019 neðst til vinstri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 27.5.2019. Gulu punktarnir sýna staði þar sem straumandakollur með unga sáust 14.8.2019.




**4. mynd (2020 neðst til hægri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 4.6.2020. Guli punkturinn er þar sem sex straumandakollur sáust 12.8.2020.

### Skýringarmyndir Brúará 2018 - 2020

**5. mynd (2018 efst til vinstri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Brúará, punktalinan var einungis gengin í fyrri ferð. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 5.6.2018. Gulu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 16.8.2018.

**6. mynd (2019 efst til hægri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Brúará. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 27.5.2019. Gulu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 14.8.2019.

**7. mynd (2020 neðst til vinstri).** Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Brúará. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 4.6.20. Gulu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáust 12.8.2020.





## Samantekt

Líkt og árin 2017, 2018 og 2019 fundust fleiri straumendur snemma sumars en síðsumars og eins voru allir straumandarsteggir horfnir af ánni síðsumars. Við Tungufljót voru 18 fullorðnir fuglar í fyrri talningu 2020 og 6 í þeirri seinni. Við Brúará voru 13 fullorðnir fuglar í fyrri talningu og 7 í þeirri seinni (1. tafla). Í talningum síðsumars fannst einn ungalaus kvenfuglahópur (6 fuglar) við Tungufljót eins og árin 2017 og 2018. Engir ungar fundust á Tungufljóti árin 2017 og 2018 og á Brúará árið 2020 .

Athugarnir frá 2015 og 2017 til 2020 benda til þess að svæðið skammt ofan við stíflustæðið í Tungufljóti sé mikilvægasta straumandasvæðið í ánni en þar hafa fundust straumendur í öllum talningum nema í síðsumarstalningu 2017.

**1. tafla. Fullorðnar straumendur á rannsóknasvæðinu 2017 - 2020.**

| Ár       | Tungufljót |     |      | Brúará |     |      | Alls |
|----------|------------|-----|------|--------|-----|------|------|
|          | kk         | kvk | alls | kk     | kvk | alls |      |
| 2017 - 1 | 13         | 6   | 19   | -      | -   | -    | 19   |
| 2017 - 2 | 0          | 5   | 5    | -      | -   | -    | 5    |
| 2018 - 1 | 6          | 6   | 10   | 12     | 10  | 22   | 32   |
| 2018 - 2 | 0          | 8   | 8    | 0      | 6   | 6    | 14   |
| 2019 - 1 | 15         | 4   | 19   | 7      | 4   | 11   | 30   |
| 2019 - 2 | 0          | 3   | 3    | 0      | 2   | 2    | 5    |
| 2020 - 1 | 10         | 8   | 18   | 7      | 6   | 13   | 31   |
| 2020 - 2 | 0          | 6   | 6    | 0      | 7   | 7    | 13   |